

Föstudagurinn, 19. september 2003

205. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 33/2003

Kvörtun Ísbílsins ehf. yfir notkun S. Ólafs heildverslunar ehf. á orðinu Ísbíllinn

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 13. september 2002, kvartar Ísbíllinn ehf. yfir notkun S. Ólafs heildverslunar ehf. á orðinu Ísbíllinn. Í erindinu kemur fram að einkahlutafélagið Ísbíllinn hafi verið stofnað árið 2000 og sé tilgangur félagsins að reka ísbíl, þ.e. smásölu íss úr bíl, sem ekið sé um. Síðastliðin tvö ár hafi annað fyrirtæki, þ.e. S. Ólafs heildverslun, m.a. notað nafn Ísbílsins í auglýsingum. Fram kemur að í símaskrá höfuðborgarsvæðisins sé að finna símanúmer Ísbílsins og sé það hjá S. Ólafs heildverslun. Í auglýsingabæklingi um ferðir Ísbílsins, sem dreift sé um allt land, sé nafn Ísbílsins notað og á ísumbúðum standi að varan sé framleidd fyrir Ísbíllinn.

Ísbíllinn telur þessa notkun S. Ólafs heildverslunar á orðinu Ísbíll ólöglega og óskar eftir að samkeppnisyfirvöld grípi til aðgerða og stöðvi athæfið sbr. 20. og 25. gr. samkeppnislaga. Með erindi Ísbílsins fylgdu gögn sem sýna notkun S. Ólafs heildverslunar á orðinu Ísbíllinn.

2.

Með bréfi, dags. 26. september 2002, sendi Samkeppnisstofnun erindi Ísbílsins S. Ólafs heildverslun til umsagnar. Svar fyrirtækisins er dagsett 4. október 2002 og kemur þar fram að sala fyrirtækisins á ís í lausasölu hafi hafist árið 1994. Um sé að ræða farandsölu á ís á sveitabæjum og í þéttbýli. Ísbíllarnir hafi frá upphafi verið merktir „Ísbíllinn“ og hið sama eigi við um auglýsingabæklinga og símanúmer sem skráð hafi verið í símaskrá. Merki (logo) bílanna hafi verið Ísbíllinn og sé það samheiti á bílum sem selji ís.

Við er til þess að samkvæmt kvörtun Ísbílsins hafi það fyrirtæki hafið rekstur um mitt ár 2000 og eingöngu starfað í tvo til þrjú mánuði. Það sé ekki fyrirtækið S. Ólafs heildverslun sem hafi tekið upp nafn Ísbílsins heldur sé það Ísbíllinn sem hafi hafið samkeppni og sé fyrirtækið ekki í góðri trú með notkun nafnsins. Fyrirverandi starfsmaður S. Ólafs heildverslunar hafi aðstoðað við stofnun Ísbílsins. S. Ólafs

heildverslun hafi enga hugmynd haft um að til væri skráð félag með þessu nafni fyrr en í júní 2002 þegar keyptur hafi verið bíll sem Ísbíllinn notaði áður. Það sé því Ísbíllinn sem hafi tekið upp nafn sem S. Ólafs heildverslun hafi notað samfelld í sjö ár.

Með bréfi S. Ólafs heildverslunar fylgdi afrit af bæklingi útgefnum árið 1995 með yfirskriftinni Ísbíllinn '95 og vörumerking frá árinu 1994 með nafninu Ísbíllinn.

3.

Athugasemdir S. Ólafs heildverslunar voru sendar Ísbílnum til umsagnar, þann 16. október 2002. Svar fyrirtækisins er dagsett 8. nóvember 2002. Þar kemur fram að þó sala S. Ólafs heildverslunar á Ís hafi hafist fyrir átta árum þá hafi fyrirtækið ekki skráð heitið Ísbíllinn sem vörumerki og hafi fyrirtækið því ekki einkarétt á því. Ísbíllinn hafi hins vegar skráð nafn sitt í fyrirtækjaskrá og telji því að S. Ólafs hafi ekki rétt til notkunar þess.

Þá kemur fram það mat Ísbílsins að fyrirtækið telji S. Ólafs heildverslun ekki fara með rétt mál þegar S. Ólafs segist ekki hafa haft vitneskju um að til væri skráð fyrirtæki með nafni Ísbílsins fyrr en í júní 2002. Forsvarsmaður S. Ólafs heildverslunar hafi verið í sambandi við og hitt eiganda Ísbílsins fyrir þann tíma. Jafnframt hafi hann haft samband símleiðis við þann sem sér um bókhald Ísbílsins. Því sé útilokað að fyrirtækinu hafi ekki verið kunnugt um skráningu Ísbílsins í hlutafélagaskrá. Þá er því hafnað að hugmyndin að nafni Ísbílsins sé komin frá fyrrum starfsmanni S. Ólafs heildverslunar. Að lokum er tekið fram að þegar skráning Ísbílsins hafi farið fram hafi viðkomandi aldrei heyrt um ísbíl S. Ólafs heildverslunar.

4.

Með bréfi, dags. 13. nóvember 2002, voru athugasemdir Ísbílsins sendar S. Ólafs heildverslun til umsagnar. Svar fyrirtækisins er dags. 23. nóvember 2002. Þar er spurt hvort S. Ólafs hafi átt að hætta að nota nafnið Ísbíllinn þegar Ísbíllinn hafi verið skráður í hlutafélagaskrá. Jafnframt er varpað fram spurningunni hvort nýskráða félagið hafi verið að notfæra sér viðskiptavild Ísbílsins.

5.

Með bréfi, dags. 5. desember 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

Með bréfi til málsaðila, dags. 13. febrúar 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun að töf yrði á afgreiðslu málsins sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

II. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 19. september 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Sigurbjörn Þorbergsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í máli þessu kvartar Ísbíllinn yfir að S. Ólafs heildverslun noti nafnið Ísbíllinn við farandsölu á ís. Fram hefur komið að Ísbíllinn var stofnað og skráð einkahlutafélag á árinu 2000. Við málsmeðferð hefur komið í ljós að ísbíll Ísbílsins var eingöngu rekinn í tvo til þrjá mánuði á árinu 2000. Akstri hans var hætt sökum veikinda eiganda og var ísbíllinn seldur um mitt ár 2002. Kaupandi ísbílsins var S. Ólafs heildverslun. Þá hefur S. Ólafs heildverslun lagt fram gögn sem sýna að fyrirtækið hefur notað nafnið Ísbíllinn, óbreytt, samfelld frá árinu 1994.

Í erindi Ísbílsins er vísað til 20. og 25. gr. samkeppnislaga. Í 20. gr. kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. 25. gr. laganna hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarkerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlæg veiti auðkennunum. Firmanafn er sérstaklega tilgreint í lagagreininni. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Eins og fram hefur komið er Ísbíllinn skráður í hlutafélagaskrá árið 2000 en jafnframt liggur fyrir að S. Ólafs heildverslun hefur notað nafnið Ísbíllinn allt frá árinu 1994. Samkeppnisráð telur að gera megi ráð fyrir að með notkun S. Ólafs heildverslunar á nafninu Ísbíllinn hafi fyrirtækið öðlast vörumerkjarétt á auðkenninu, sé miðað við upphaf notkunar. Er þá gengið út frá að það uppfylli skilyrði vörumerkjalaga um skráningu. Að mati samkeppnisráðs eiga því ákvæði 2. málslíðar 25. gr. við í máli þessu og skal þá litið til hvort villast megi á fyrirtækjunum.

Samkeppnisráð telur að orðið ísbíll sé almennt orð sem lýsi vel þeirri þjónustu boðið er upp á, þ.e. bíll sem selur ís til neytenda. Samkeppnisráð fær ekki séð að þrátt fyrir að Ísbíllinn hafi fengið orðið skráð sem firmanafn sé hægt að banna öðrum sem bjóða upp á áþekka þjónustu notkun þess. Orðið ísbíll er lýsandi og vekur skýra hugmynd hjá neytendum um eiginleika þeirrar þjónustu sem upp á er boðið. Þessi almenna skírskotun gerir það að verkum að Ísbíllinn verður að hlíta því að aðrir sem hafa slíka þjónustu með hendi noti orðið. Þá bendir ekkert í málsgögnum til ruglings vegna nafnsins Ísbíllinn og skiptir þar væntanlega miklu að einkahlutafélagið Ísbíllinn hefur ekki verið með ísbíl í rekstri. Ekki sé því um að ræða brot gegn ákvæðum 25. gr. samkeppnislaga.

Þá fær samkeppnisráð ekki séð að S. Ólafs heildverslun hafi brotið gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga um góða viðskiptahætti þar sem fyrirtækið hefur sannanlega notað nafnið Ísbíllinn lengur en Ísbíllinn ehf.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð ekki tilefni til frekari afskipta af máli þessu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“